

**Mættir:** Björn Sigurðsson formaður, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Magnús Tryggvason, Leifur Guðni Grétarsson Hörður Oddfríðarson, Júlía Þorvaldsdóttir, Eyleifur Jóhannesson yfirmaður landsliðsmála og Guðrún Pálsdóttir

**Afboða, mæta ekki :** Árni Stefánsson

**Fundur 03.03 2026 settur kl. 18.00**

Farið yfir fundargerðir tveggja síðustu funda og þær samþykktar

### 1. Mót og starfsemi

- a. Í upphafi fundar var farið yfir fundarsköp á fundum, fundarstjórn, samskipti fundarmanna á milli og almennt innan hreyfingarinnar. Umræðan var gagnleg og almennur vilji til að skerpa betur á ferlum í samskiptum og vinna kominn í gang í því sambandi.
- b. Bókari SSÍ Hlín Ástþórsdóttir koma á fundinn og fór yfir drög að uppgjöri fyrir fjárhagsárið 2025. Afkoma ársins er í jafnvægi. Endanlega útgáfa uppgjorsins verður send á stjórn þegar að hún liggur fyrir. Uppgjörið verður svo lagt fyrir sundþing á næsta ári ásamt uppgjöri ársins í ár. eins og lög gera ráð fyrir. Bókari og framkvæmdastjóri ætla að hittast mánaðarlega yfir uppgjörinu þannig að stjórn og skrifstofa hafi betur yfirsýn yfir rekstur dag frá degi. Einnig er verið að skoða hvaða lausnir DK one teningalausn býður uppá til að sjá betur inn í reksturinn en til að þær upplýsingar nýtist verður að bóka færslur reglulega. Á fundinum voru teknar niður spurningar frá stjórn til bókara um einstaka liði til að fá betri útskýringar
- c. ÍM 50 verður haldið í Ásvallalaug 27. – 29. mars. Síðasti skráningafrestur er til 11. mars Talað var um undirbúning Stjórnafólk hvatt til að taka að sér verkefni í samvinnu við mótastjóra.
- d. Farið var yfir tillögu stofnun og verklagi mótanefndar og tillögur að verkferlum fyrir mótahald SSÍ. Lagt er til að stofnuð verði mótanefnd þvert á félög til að annars mót SSÍ í samstarfi við mótastjóra, stjórn og skrifstofu SSÍ. Tillaga liggur fyrir um að skipa nefndina í upphafi sundárs til eins árs í senn. Komið verður á „general“ prufu fyrir þetta fyrirkomulag fyrir mótin sem eftir eru af þessu sundári. Þetta er ekki ósvipað fyrirkomulag og við vorum með í kringum ÍM25 og NM fyrir áramót og reyndist vel.
- e. Farið var yfir ábendingar frá dómara um hvernig betur megi skilgreina mót og/eða mótarluta þegar að boðað er til mótanna útfra a,b,c mótum uppá hvaða kröfum vænst er af sundfólk og dómurum í hverjum hluta. Stjórn óskar eftir því að ÍA og dómara nefnd komi sér saman um að auglýsing fyrir mótið verði með réttum hætti þannig að það valdi ekki misskilningi milli aðila. Mikilvægt að stjórn og dómara nefnd móti stefnur í þessum málum með það að markmiði að leyfa þeim yngstu að njóta vafans. Fara yfir reglur með A, B og C mót.
- f. Á síðasta fundi var samþykkt að ráða starfsmann í móta og miðlunarmál. Starfsmaðurinn er að koma sér fyrir og það liggja fyrir drög að samning við hann byggðum á samþykki stjórnar frá síðsta fundi.
- g. Fimm íslenskir alþjóðadómarar tóku þátt í „Swimming Clinic“ í gegnum fjarfundarbúnað sem haldin var á vegum EA. Námskeiðið er liður í því að geta dæmt á alþjóðamótum á vegum EA fyrir árið 2026
- h. Farið var yfir bréf frá ÍSÍ um stöðu í stefnumótun íþróttahreyfingarinnar. Nokkrir fundir eru skipulagðir á næstunni. Óskað er eftir fólki úr sundhreyfingunni til þátttöku. Júlía

Þorvaldsdóttir býður fram krafta sína í þessu og Hörður Oddfríðar og gögnum verðum komið á þau.

- i. Farið var yfir hugmyndir frá Kjell Wormdal um að beita bæjaryfirvöld á Akranesi þrýstingi að kýja á um þjóðarleikvang í sundi á Akranesi en nokkrar íþróttagreinir m.a. Golf og Keila hafa átt í viðræðum við bæjaryfirvöld um þau málefni.
- j. Farið var yfir dagssetningu fyrir formannafund og stefnt að því að hafa hann í tengslum við bikar í lok september í byrjun nýs sundárs.
- k. Við vorum beðin um að taka Norðurlandamót Masters í haust í staðin fyrir 2027 en verðum að hafna þeirri beiðni eftir að hafa gert stutt tékk á lausri gistingu og hinsvegar er tilhlaupið of stutt. Mótið er planað á Íslandi 8-9 okt 2027

## 2. Afreksmál

- Fundargerðir og skýrslur 16.–17. janúar fóru fram æfinga- og fræðsludagar landsliðshópa SSÍ. Markmiðin voru betur fræðsla, sameiginlegar æfingar og sterkari liðsheild fyrir komandi verkefni. Fyrirlesarar voru Eyleifur Jóhannesson, Birgir Sverrisson (Anti-Doping Iceland) og Ólafur Stefánsson (fyrirverandi afreksmaður í handbolta).
- 23.–27. janúar fóru fram sundmælingar hjá Afrekslandsliði í Ásvallalaug. Ragnar Guðmundsson (SSÍ/AMÍ) sá um mælingarnar og fékk aðstoð frá Ingi Þór Einarsson (HR) sem sjá um VO2max mælingar: Eyleifur Jóhannesson og Dadó Fenrir Jasminuson aðstoðuðu við tímatöku og skráningu. Mælingarnar verða næst framkvæmdar eftir ÍM50.
- 24. janúar var haldinn yfirþjálfarafundur í hádeginu á RIG. Fundurinn gekk vel, þar sem rætt var mótahald, sérstaklega bikarkeppni SSÍ. Góðar umræður voru um hvernig bæta megi sundið, t.d. betra samstarf við sundkennarar og styrkja ímynd sundsins út á við. Kynntar voru nokkrar breyttar dagsetningum á verkefnum landsliða.
- 20-22. febrúar tók 22 manna hóp á McCullagh International í Dublin. Ferðin heppnaðist mjög vel, stutt og gott ferðalag og allur aðbúnaður til fyrirmyndar. Þrátt fyrir mikið æfingaálag sýndi sundfólkið oft á tíðum sterka frammistöðu, syntu nálægt sínum bestu tímum og nokkrar góðar bætingar. Eftirtalir náðu lágmörkum fyrir alþjóðlegu meistaramótin í sumar: Alicja Julia Kempisty (NÆM), Birgitta Ingólfssdóttir (EM50), Hólmar Grétarsson (EMU), Karl Björnsson (EMU), Snorri Dagur Einarsson (EM50) og Vala Dís Cicero (EM50+EMU).

## Verkefni framundan

- 7. mars yfirþjálfarafundur í hádeginu á Ásmeginmóti SH.
- 25-26. apríl æfingahelgi fyrir Framtíðarhóp í Laugardal.
- 31. mars tæknigreining (EMU + EM50 hópur)
- 1. apríl sundmælingar (Afrekslandslið)
- 8-15. apríl Stockholm Open og sundmæling í Álaborg. Ég mun fara að vera með Snæfríði á þessu móti, ásamt sundmælingum sem Ragnar mun verður með í Álborg eftir mótið.
- 8-10. maí Taastrup Open (Framtíðarhópur)
- 23-25. maí AP Race International (Landsliðshópar)
- 29-30. júní Norðurlandsmót Æskunnar í Osló (valið eftir ÍM50)
- 7-12. júlí Evrópumeistaramót Unglinga í Munchen (valið eftir ÍM50)

- 13-26. júlí Æfingabúðir fyrir EM50 hópinn á Mallorca
  - Samþykkt var að bjóða öllum þjálfurum sem eiga sundfólk á EM50 að taka þátt í þessum æfingabúðum þeim að kostnaðarlausu og að þeir geta tekið fjölskyldu/maka með í ferðina á eigin kostnað? Samþykkt af stjórn
- 10-16. ágúst Evrópumeistaramótið (EM50) í París (valið eftir ÍM50)
  - Snæfríður Sól hefur fengið undanþágu til að ná lágmörkum á Vestdanske 20-22. mars og Stockholm Open 9-12. apríl (í staðin fyrir ÍM50).
  - Aron Jónsson hefur fengið undanþágu til að ná lágmörkum á Speedo Sectionals 26-29. mars í Indianapolis.
  - Einar Margeir Ágústsson hefur verið valinn á EM50 byggt á árangri hans á HM50 í Singapore og þeim árangri sem hann hefur náðu nú í háskólakerfinu í USA?  
Samþykkt af stjórn

### Heimsmeistaramótið í 25m laug 1-6. desember 2026 í Peijing

Farið var yfir þetta verkefni en kostnaður við að senda fólk þangað er gríðarlega hár. Yfirmaður landsliðsmála mun ræða betur við þjálfara.

### Smáþjóðaleikar 3-8. maí 2027 í Mónakó

Þarf að skoða hvort eða hvernig við tökum þátt í þessu verkefni. Að öllum líkindum rekst þetta á prófatíma í skólum og þar sem mótið er fyrir en vanalega, getum við ekki valið liðið eftir ÍM50, þurfum að velja liðið í lok febrúar 2027.

### Tillögur að dagsetingum á SSÍ mótum:

- **26. september 2026:** Bikarkeppni SSÍ
- **13. – 15. nóvember 2026:** Íslandsmeistaramótið í 25m laug
- **23. – 25. janúar 2027:** Reykjavík International Games
- **9. – 11. apríl 2027:** Íslandsmeistaramótið í 50m laug
- 23-24. apríl: IMOC
- **18. – 20. júní 2027:** Aldursflokkameistaramót Íslands
- **26. – 27. júní 2027:** Sumarmeistaramót Íslands

Samþykkt að styrkja fyrir þá sem vilja fara í æfingabúðir fyrir EMU á eigin vegum í júlí fá 100 þús í styrk fyrir og umsókna óskað

### 3. Fundargerðir innan SSÍ

Engin fundarferð lá fyrir fundinum.

### 4. Aðsend bréf :

Dags	Efni	Sendandi
19.02.2026	Þjóðarhöll á Akranesi	ÍA/KW
25.02.2026	Staða á stefnumótun íþróttahreyfingarinnar	ÍSÍ/ÍEÞ
02.03.2026	The Great Icelandic Swimming - Boðsbréf	BE/Rvík

### 5. Félagaskipti

Nafn:	Fyrra félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
Engin félagaskipti lágu fyrir fundinum				

## 6. Staðfesting meta / afreka

### Unglingamet

Grein	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður
50m flugsund	Vala Dís Cicero	SH	00.27,54	14.02.2026	RVK

### 7. Önnur mál:

- Boð hafa borist að sækja aðalfundi hjá ÍA 4. mars og hjá SH 10. mars. Formaður mun mæta á báða fundi og aðrir stjórnarmenn eru hvattir til að mæta ef þeir hafa lausa stund.
- Einnig barst boð um að sækja aðalfund Sundfélagsins Ránar á Dalvík þann 17. febrúar síðastliðin en stjórnarfolk átti því miður ekki heimangengt en sendir góðar kveðjur.
- Einnig hefur komið boð frá Óðni um að mæta á aðalfund félagsins 23.mars kl: 20
- Formaður og mótastjóri sóttu atburð í Þjóðminjasafni Íslands sem tileinkað var sundmenningunni og skráningu hennar á lista Unesco.
- Talað um hvernig eigi að nota lýsingarorð í tilkynningum frá SSÍ þegar að góður árangur næst á mótum.

Ekki fleira rætt og fundi slitið kl: 20.15